

Ed.

644. Tillaga til þingsályktunar

[100. mál]

um sérkennslumál.

(Eftir eina umr. í Nd., 9. maí.)

Alþingi ályktar, að brýna nauðsyn beri til að gera hið fyrsta ráðstafanir til að bæta úr vöntun á sérkennslu afbrigðilegra barna í grunnskólum landsins. Á það sérstaklega við um skóla landsbyggðarinnar.

Í því skyni skal að því stefnt, að sérstökum starfsmanni innan menntamálaráðuneytisins verði falið könnunar- og skipulagningarstarf á þessu sviði. Sé hann um leið skólastjórum og fræðsluráðum til ráðuneytis og aðstoðar í þessum málum.

Jafnframt skal áhersla lögð á menntun sérkennara við Kennaraháskóla Íslands og námskeið fyrir almenna kennara í kennslu og handleiðslu afbrigðilegra barna.